

Um slafak og marinkjarna

Eftir Helga Guðmundsson

I

Í merkri grein, »Atlantssiðir — Atlantsorð,« hefur Chr. Matras meðal annars fjallað um færeysk og íslenzk þörungahaiti, sem eru af gelískum uppruna.¹ Þetta eru ísl. *slafak*, fær. *slavak* og ísl. *marinkjarni*, fær. *mirkjalli*. Hér verður nokkrum athugunum bætt við um þessi orð, einkum að því er varðar íslenzk dæmi.² Loks verður stuttlega litið á ísl. *sölvamæður*.

II

Í áðurnefndri grein hefur Chr. Matras ísl. *slafak* einkum í tveimur merkingum, sem verða raktar í 1. og 3. lið hér á eftir. En hér skal bætt við einni merkingu enn, sem rakin verður í 2. lið.

1. Í sambandi við upprunaskýringu þessa orðs hefur Sigurður Þórarinsson bent á, að hjá Jóni Guðmundssyni lærða (1574—1651) komi fyrir: »Á brimklettum vex *slafak*, sumer kalla Mariuþang edur brimsöl. Það er hier bakad j milli heitra hellna, og þær kökur eru sem ostur; sie það j heitri miólk

¹ Chr. Matras, »Atlantssiðir — Atlantsorð,« *Fróðskaparrit*, *Annales societatis scientiarum færoensis* VII (Tórshavn 1958), 73—101.

² Dr. Jakob Benediktsson, ritstjóri Orðabókar Háskólans í Reykjavík, hefur af mikilli greiðvikni spurzt fyrir um þessi orð í útvarpsþáttum um íslenzkt mál. Á þann hátt hafa safnast mörg dæmi, en ýmis önnur dæmi eru fengin úr söfnum Orðabókar Háskólans. Enn hefur mjög mörgum dæmum verið safnað sumarið 1970 og hafa margir liðsinnt við það verk.

etid, lætur menn vel sofa; það má og þurka sem söl.«³ Chr. Matras hefur bent á, að svipuð merking komi fram hjá Jóni Ólafssyni frá Grunnavík (1705—1779) í *Ichthyologia*: »af því hún (þ. e. fiskilúsin) hefr þar meira viðrværi, sem *slafakid* er meira.«⁴

Í nútíðarmáli er *slafak* þekkt á Norðausturlandi í merk-ingunni 'slý í sjó', 'slý, sem sezt á net í sjó', 'gulgræn gróður-myndun á byrðingi skipa og báta', 'fíngerður sjávargróður, sem stundum rekur í net og sezt á uppistöður og dufl, sem lengi liggja í sjó', 'grænleitt slý, slýhimnur, sem rekur með þara'.

2. Í lýsingu á Laxá í Pingeyjarsýslu segir: »Annars er mjög erfitt að hafa lagnet í Laxá, því þau fyllast mjög fljótt af mosa og slýi (*slavaki*) úr ánni.«⁵ Í Lögum um lax- og silungs-veiði, nr. 53, 5. júní 1957, 29. gr., segir: »Eigi má nota tvö-föld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða *slafaki*, má þó hafa net til varnar fyrir reki þessu.«⁶

Í nútíðarmáli er *slafak* allvíða til í áþekkri merkingu, þannig t. d. 'slýgróður í vatni', 'grænt slý á steinum í lækjum', 'vatnagróður, sem losnar og rekur fyrri straumi þar til er hann safnast saman og sezt í lygnu við bakka', 'mor, rek og drasl, sem sezt í net í ám og vötnum'.⁷

³ Halldór Hermannsson, *Jón Guðmundsson and his Natural History of Iceland* (Islandica XV; Ithaca 1924), 2, Sigurdur Thorarinsson, *Tefro-kronologiska studier på Island* (Köbenhavn 1944), 169 nm., sbr. einnig »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 86.

⁴ »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 86—87.

⁵ Bjarni Sæmundsson, »Fiskirannsóknir 1900,« *Andvari* XXVI (Reykja-vík 1901), 77.

⁶ *Lagasafn* II (Reykjavík 1965), 2157.

⁷ Heimildarmaður úr Hornafirði segir: »*Slafak* og slika óx þar sem var lítill straumur í lækjum og einnig í uppsprettum, var þurrkað og hét þá tundur og var notað til að kveikja eld með tinnu og stáli, var hvít þunn skán.« Þetta má bera saman við það, sem segir í Jarteinabók Guðmundar byskups, frá því um 1300: »Í sama firði (þ. e. Hornafirði) vildu menn taka eld með bragðal, sem hér er vani til, ok fengu eigi. Síðan vættu þeir slýit í brunni þeim, er vígt hafði Guðmundr byskup, ok með því vatni tóku þeir eldinn þegar í stað,« *Byskupa sögur* II, Guðni Jónsson bjó til prentunar (Reykjavík 1948), 514—515.

Auk þessa kemur fyrir í Mýrdal, að *lenda í slafaki* 'lenda í vatnaslarki eða vosi', og í Landeyjum kemur *slafask* fyrir í svipaðri merkingu. Þetta er vafalítið dregið af *slafak* í merkingunni 'vatnagróður, slý í ám'.

3. Hjá Birni Halldórssyni (1724—1794) segir um *slafak*: »fænum mollissimum ex prato pingvissimo,« sem útgefendur orðabókar hans hafa þýtt á dönsku: »blódt Hø af en fed Engbund.«⁸ Stefán Stefánsson segir um *Poa annua*: »Vex helzt í oftaddri jörð kring um hauga og í hlaðvörpum, opt innan um arfa og kallast þá einu nafni *slavak*.«⁹ Í orðabók Sigfúsar Blöndals, en þar er ritað *slavak*, er þýðing Björns Halldórssonar tekin upp, en sem fyrsta merking er: »Græs el. Hø, bestaaende is. af etaarigt Rapgræs, Fuglegræs og almindelig Hyrdetaske; dette vokser særlig i overgødet Jord, is. i nærheden af Gødningdyngen og Gaardspladsen.«¹⁰ Þessi merking er sennilega tekin eftir Stefáni Stefánssyni.

Í nútíðarmáli er þessi merking kunn á ýmsum stöðum á vestan- og norðvestanverðu landinu, 'lint og þvælulegt gras í kringum hauga', 'úr sér vaxið gras í hlaðvarpa', 'slepjulegt gras blandað arfa'.¹¹

Merkingu, sem liggur nokkuð á milli merkinga þeirra, sem hafa komið fram í 2. og 3. lið, er að finna í orðabók Eiríks Jónssonar (1822—1899): »enten blódt, men lidet kraftigt Græs paa en sumpig Jordbund, el. det Græs el. Siv, der voxer paa Bunden af Kjær el. Indsøer op til Vandets Overflade, undertiden ogsaa om det (löse Græsstraa og andet), der skyller op paa Bredderne af et Vandstade (maaskee især fordi saadant oftest hidrører fra det Siv el. Ukrud, der voxer paa Bunden).«¹²


⁸ Björn Halldórsson, *Lexicon islandico-latino-danicum* Vol. II (Havniæ 1814), 290.

⁹ Stefán Stefánsson, *Flóra Íslands* (Kaupmannahöfn 1901), 53.

¹⁰ Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók* (Reykjavík 1920—1924), 751, sjá enn fremur »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 86—87.

¹¹ Úr Mosfellssveit er myndin *slafrak*, sem er alþýðuskýring, sbr. *rak* 'heydreifar'. Þessi alþýðuskýring er eðlileg, þegar um þessa merkingu er að ræða.

¹² Erik Jónsson, *Oldnordisk Ordbog* (Kjöbenhavn 1863), 507.

Kort 1. Merkingar orðsins *slafak* í Íslandi.

Til glöggvunar hafa merkingar orðsins í nútíðarmáli verið merktar á kort.

Þetta orð er tökuorð úr gelísku, eins og rakið er í áður-nefndri grein Chr. Matras. Gelísku myndirnar eru skozk-gelíska *slabhagan*, ír. *sleabhac*, *slabhac*. Merkingum ber ekki alveg saman, en oftast er átt við *Porphyra* eða *Ulva*.¹³ Í fær-

¹³ »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 87—89.

eysku er *slavak* »navn på forskellige grønalgler (Ulva, Ulothrix, Enteromorpha o. fl.), spec. sø- el. havsalat (Ulva lactuca).«¹⁴

Ástæðan til þess, að slíkt orð er tekið upp sem tökuorð, er án efa sú, að norrænir menn hafa lært átið á slíkum þörungum af gelískumælandi mönnum. Því má gera ráð fyrir, að elzta merkingin í norrænu hafi verið einhver ætur þörungur, ef til vill grænhimna (*Ulva lactuca*) eins og í færeysku.

Porvaldur Thoroddsen segir svo: »Purpurahimna (*Porphyra umbilicalis*) vex alstaðar kringum landið á klettum í flæðarmáli og er víðast mikið af henni. Þessi tegund og aðrar tegundir af sama kyni, eru ágætir fóðurjurtir og eru hafðar til manneldis sumstaðar í öðrum löndum, en Íslendingar hafa enn ekki komist upp á að nota þær.«¹⁵ Jón Guðmundsson lærði segir: »Á brimklettum vex *slafak*, sumer kalla Mariupang edur brimsöl.« Orðið *Mariupang* gæti bent til brúnþörunga (*Phaeophyta*), en söl (*Rhodymenia palmata*) teljast til rauðþörunga (*Rhodophyta*). Því mætti gizka á, að Jón Guðmundsson lærði eigi hér frekar við purpurahimnu, sem telst til rauðþörunga, en við einhverja tegund grænþörunga (*Chlorophyta*), t. d. grænhimnu (*Ulva lactuca*). En þó er alveg eins sennilegt, að í nafngiftunum *Mariupang* og *brimsöl* hafi fremur verið hugsað um notagildi en líkindi í lit. Þess ber einnig að gæta, að í nútíðarmáli er merkingin 'grænt slý'.

Í nútíðarmáli er *slafak* notað um ýmsar tegundir grænþörunga (*Enteromorpha*, *Monostoma*, *Ulva*, *Ulothrix* o. s. frv.), og merkingin kemur þannig heim við merkingu orðsins í færeysku. Merkingin 'grænleitt slý, slýhimnur, sem rekur með þara', eftir heimildarmanni úr Pistilfirði, er forvitnileg, en heimildin er of ógreinileg til þess að draga megí af henni ákveðna niðurstöðu. Grænþörungar lifa bæði í söltu vatni og ósöltu, og því er eðlilegt að *slafak* flyttist af sjávargróðri á vatnagróður. Af merkingunni 'slý í vatni' er merkingin 'lint

¹⁴ M. A. Jacobsen og Chr. Matras, *Føroyske-danske orðabók* (Tórshavn 1961), 386.

¹⁵ Porvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands* IV (Kaupmannahöfn 1922), 239.

og þvælulegt gras' dregin, enda er þetta hvort tveggja ekki alveg ósvipað fljótt á litið, en útbreiðsla þeirrar merkingar á kortinu bendir til þess, að hún sé nýjung.

III

Í sambandi við *slafak* er það merkingin, sem veldur erfiðleikum, en mynd orðsins er að mestu stöðug. Hvað viðvíkur orðinu *marinkjarni* er þessu á annan veg farið. Merkingin *Alaria esculenta* er ein og hin sama, en myndir orðsins eru fjölmargar.

Myndunum má skipta í þrjá flokka: 1. *Myrikjarni* eða *mýrikjarni*. 2. *Murukjarni*. 3. Myndir með *a* eða *á*, en Chr. Matras nefnir margar slíkar myndir: *mararkjarni*, *marikjarni*, *márikjarni*, *maríkjarni*, *marinkjarni*, *Maríukjarni*, *Máriukjarni*.¹⁶

Í grein sinni hefur Chr. Matras bent á, að myndin *myrikjarni* komi bezt heim við myndir þessa orðs í öðrum málum, skozk-gelísku *mircean* o. s. frv., orkneysku *mirkeyals*, hjaltlenzku *mirkels* og færeysku *mirkjalli*, sbr. einnig færeyska örnefnið *Myrkjanoyri*.¹⁷

En um þessa mynd hefur Chr. Matras aðeins eitt dæmi. Það er úr riti Björns Halldórssonar, *Gras-nytiar*, 1783: »*Myri-kiarne*, síá *Mari-kiarni*.« Chr. Matras hefur í þessu sambandi bent á, að í riti Bjarna Pálssonar, *Specimen observationum*, 1749, segi: »Tota hæc planta aliquid dulcedinis præsefert, pars Superior inferiorem, plantæ juniores Seu minores (qvæ *Mari-kiarni*, Islandis, *Myrrekiarni* Færröensibus dicuntur) majores dulcedine vincunt.« Þannig sé hugsanlegt, að Björn Halldórsson hafi tekið upp færeysku myndina. Vegna myndarinnar *murukjarni* dregur Chr. Matras þó þessa ályktun: »trúligari haldi eg tað vera, at onkustaðni í Íslandi varð í 18. öld til formurin »myrikjarni.«¹⁸

¹⁶ »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 92—94.

¹⁷ John Cameron, *The Gaelic Names of Plants* (London 1883), 101, benti á tengsl skozk-gelíska og íslenzka orðsins.

¹⁸ »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 94—95.


Þetta er án efa rétt til getið. Heimild Björns Halldórssonar er vafalaust Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1772. Þar eru tvær myndir þessa orðs, í lýsingu Vesturlands kemur fyrir *Marenkiarne*, en í lýsingu Norðurlands *Myrekiarne*.¹⁹

Önnur heimild um mynd með *y* eða *y* er í Lbs. 723 8vo, frá 18. eða 19. öld: »*Myrenki[ar]ne* kallaz alm[en]t *M[ar]iunki[ar]ne*.« Þetta virðist helzt vera blendingsmynd af *myrikjarni* eða *mýrikjarni* og *marinkjarni*, en vel kann að vera, að þetta sé á einhvern hátt komið úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar.

En við þessa rannsókn hefur komið í ljós, að í nútíðarmáli kemur fyrir myndin *mýrikjarni* á Norðausturlandi. Heimildarmaður af Skjálfandi segir: »*Mýrikjarni*, þari lostætur fyrir fé, góð beitarjurt, óx mikið utan í skerjum eða á brúnum skerja á vorin, útlitið var langt blað með legg í miðju, og þetta blað stóð á dálitlum þöngli. Einnig *murukjarni* og *Maríukjarni*, en *mýrikjarni* algengast á þessum slóðum.« Heimildarmaður úr Vopnafirði, sem þó er ættaður af Skjálfanda, segir: »Hef ekki heyrt annað en *mýrikjarni* um þessa tegund. Þari þessi er þannig í útliti, að út frá fremur mjóum stofnlegg ganga samfelldar blöðkur, sem minna nokkuð á rafabelti á góðfiski, enda er þessi tegund góðfiski innan um aðrar þara-tegundir.«

Enn er athugandi, að myndin *mýrkejarni* hefur komið fram í Ólafsfirði. Bróðir þess heimildarmanns notar þó *mýrikejarni*. Hjá heimildarmanni á Dalvík hefur einnig komið fram nokkur efi um, hvort myndin sé *mýrkejarni* eða *mýrikejarni*. Myndin *mýrkejarni* er mjög fornleg, en varla nógu traust til þess að unnt sé að draga af henni neinar ályktanir. Hún gæti verið stytting á *mýrikejarni*. Sami heimildarmaður á Dalvík telur að myndinni *mýrarkjarni* bregði einnig fyrir, en notar hana ekki

¹⁹ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Reise igiennem Island* (Sorø 1772), 443, 680. Aftan við þessa bók er »Tilhang om de Islandske Urter,« og þar kemur fyrir *Myrikierna*, bls. 18.

Kort 2. Heiti þarategundarinnar *Alaria esculenta* á Íslandi.

sjálfur. Heimildarmaður á Húsavík notar *mýrakjarni* eða *mýrarkjarni*.

Loks hefur eyfirzkur heimildarmaður, Egill Áskelsson, bent á dæmi um þessa mynd á prenti: »Þó að hlíðarnar lægju á móti sól, var beit lengi lítil og léleg á Látrum, og þrengdi nú að um björg fyrir fénaðinn, því kúaheyð var ekki meira en nóg fyrir kýrnar. En Jónas var ekki af baki dottinn. Á

hverjum degi í langan tíma fór hann ásamt Sæmundi, þegar út féll, á báti með landi fram innan um íshrönglið. Hafði Jónas með sér orf og ljá og sló *mýri*kjarna, sem kallaður var, af skerjum og flúðum og fór ekki í land fyrr en fullur var báturinn. Svo var *mýri*kjarnanum fleygt upp í fjöru og ánum hleypt í hann á morgnana.«²⁰ Þetta var um 1880, en sögu- maður er Sæmundur Sæmundsson (1869—1958) frá Látrum á Látraströnd við mynni Eyjafjarðar austanvert.

Útbreiðsla myndanna *marinkjarni* og *mýri*kjarni, sbr. kortið, kemur alveg heim við það, sem séð verður af Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, þótt tvær aldir skilji.

Sennileg þróun þessara mynda er sú, að um 1600 eða þar um bil hefur verið til myndin *myri*kjarni. Hún hefur tekið tvenns konar breytingum við samfall *i* og *y* um það leyti:²¹

1. a. *Myri*->*miri*-. Hugsanlegt er, að þessa mynd sé að finna í Ferðabók Eggert Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1772, en *Myre*- getur staðið hvort heldur er fyrir *myri*- eða *mýri*-. b. *Miri*->*míri*- við alþýðuskýringu, sbr. *mýri*. Þetta er mynd orðsins af Norðausturlandi, sem hér hefur verið stafsett *mýri*-.

2. a. *Myri*->*muri*-, eins og Chr. Matras hefur bent á, á sama hátt og t. d. *spyrja* hefur breytzt í *spurja* o. s. frv. Um þetta er engin heimild, en það skýrir næstu breytingu: b. *Muri*->*muru*- við alþýðuskýringu, sbr. *mura*.

3. Loks má telja myndirnar með *a* eða *á*. Þær hafa orðið til við alþýðuskýringar og telur Chr. Matras þær ekki mjög gamlar. Í því sambandi er forvitnilegt, að hann vitnar í fjögur dæmi um *murukjarni* í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en öll þessi dæmi eru af Suðurnesjum. Sú mynd hefur ekki komið fram þar nú.

²⁰ Guðmundur Gíslason Hagalín, *Virkir dagar, saga Sæmundar Sæmundssonar skipstjóra skráð eftir sögn hans sjálfs* I (Reykjavík 1937), 127.

²¹ Sbr. um þróunina »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 95, 98.

IV

Priðja þörungsheitið, sem ástæða er til að nefna í þessu sambandi er ísl. *sölvamæður*. Chr. Matras hefur bent á, að það svari til skozk-gelísku *màthair an duilisg* 'the mother of the dulce', 'móðir sölvanna'.²² En það er skozk-gelíska heitið á rauðþörungi, sem á ensku er nefndur *carrageen*, *Irish moss*, en á ísl. *fjörugrös*, *Guðmundargrös*, *Gvendargrös* (*Chondrus crispus*).

Heimild um þetta orð er í lýsingu Skáleyja á Breiðafirði frá 1710: »Eyjar margar og hólmar liggja þar undir. Eru í þeim slægjur nokkrar, hagbeit, og *sölvamæður* so sem fyrir peníng, skelfisktekja lítil, selveiði sæmíleg.«²³

Önnur heimild er: »*Sölva-mædur*. *Fucus ciliatus*, edr helldr *reticularis*. At þetta kyn síávar ávaxta se, eptir nafninu, vidur-elldi sölvanna, eda önnur friófgan, kann eg ei fyri víst at segia, enn hitt er vist, at ecki vaxa söl nema þar sem *sölva-mædur* eru fyrir; og sagan er sönn at nockr ágiarn madr, sem átti Holtt, einn bæ i Saurbæ sydra, þócktiz ei fá nógann sölva fiöru toll, og lögfesti sölva-fiöruna; enn næsta vor kom so mikid is-rek, at allar *sölva-mædur* rifuz upp, uxu þar ecki söl heil 3 ár eptir; þar af síá menn at *sölva-mædur* eru annad hvört ung-vidi sölva, eda nockur önnur urt, sem skyilir at þeirra frævan. *Sölva-mædur* eru beztar af öllu þáangi, til at bera á aldingarda til ræktanar, at hausti; og er ei ólíklegt, at þær se ei verri, enn annad þáng til átu.«²⁴

Yngri heimildir um þetta orð geta verið komnar frá Birni Halldórssyni, og latneska heitið bendir reyndar til þess að svo sé. Þannig skrifar N. Mohr: »*Fucus ciliatus*, *Sölva-Mædur*, er ligeledes en liden mørkerød Tangart, som træffes tit opkastet blandt anden Tang. Bladene have ingen bestemt Figur, men ere altid *ciliata* 3: haarede i Kanten (*Fl. Dan.* 353).«²⁵

²² »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 100.

²³ *Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns VI* (Kaupmannahöfn 1938), 244.

²⁴ Björn Halldórsson, *Gras-nytiar* (Kaupmannahöfn 1783), 195—196.

²⁵ N. Mohr, *Forsøg til en Islandske Naturhistorie* (Kiøbenhavn 1786), 246—247.

Magnús Stephensen vitnar í Björn Halldórsson og notar fræðiheitið *Fucus ciliatus*: »*Fiörugrös* voxte tætt og oprett paa Klipperne.... Da de og *Sölvamædur* gjerne falde paa samme Grund som *Söl*, og iblandt dem, indsamles de af fattige Folk, samt til Handel iblandt disse tilhobe, men levere i øvrigt kun en ringe Høst i Almindelighed, og ere ligeledes i meget ringere Priis og Agt end *Söl*.«²⁶ J. Hjaltalín notar einnig fræðiheitið *Fucus ciliatus* og skrifar áþekkt Magnúsi Stephensen, en getur þess annars til, að *sölvamæður* séu í rauninni *Porphyra laciniata*.²⁷ Það er purpurahimna, *Porphyra umbilicalis*.

Frá Birni Halldórssyni er orðið komið í Supplement til islandske Ordbøger: »*sölvamæður*, f. pl., *fucus reticularis*. BH. Grn. 19514.«²⁸ Þaðan er það án efa komið í orðabók Sigfúsar Blöndals. Í handriti þeirrar bókar stendur *fucus reticularis*, en það hefur verið strikað út og í staðinn skrifað *rhodophyllis dichotoma*.²⁹

Hér virðist þrennt koma til greina:

1. Ef litið er á tvær elztu heimildirnar, kemur í ljós, að önnur er úr Breiðafirði, en hin að minnsta kosti tengd Breiðafirði að nokkru leyti. Við það bætist, að Bergsveinn Skúlason rithöfundur, úr Skáleyjum á Breiðafirði, kannast við *sölvamæður* 'söl, sem ekki voru notandi nema þá til beitar fyrir fé, vegna smæðar'. Þegar talað er um »*sölvamæður* so sem fyrir pening« í lýsingu Skáleyja frá 1710, telur hann, að átt sé við þess konar smásöl, sem þar vaxa og fé sækir mjög í, og um annað geti ekki verið að ræða. Lýsing Björns Halldórssonar virðist koma vel heim við þessu túlkun. Bergsveinn Skúlason

²⁶ Magnús Stephensen, *De til Menneske-Føde i Island brugelige Tang-Arter og i Særdeleshed Söl* (Kjöbenhavn 1808), 28—29. Sbr. einnig Ó. J. Hjaltalín, *Islenszke grasafæði* (Kaupmannahöfn 1830), 331—332.

²⁷ J. Hjaltalín, »Um notkun ýmislegs mannelis, sem nú liggur því nær ónotað hjá oss,« *Íslendingur* II (Reykjavík 1862), 147—148.

²⁸ Jón Thorkelsson, *Supplement til islandske Ordbøger* III, 2 (Reykjavík 1894—97), 1118.

²⁹ Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók* (Reykjavík 1920—1924), 1051. H. F. G. Strömfelt, *Om algvegetationen vid Islands kuster* (Göteborg 1886), 27, telur *Fucus ciliatus* hið sama og *Rhodophyllis dichotoma*.

bendir á í því sambandi, að þegar söl hafa verið skorin, er talið, að ekki sé hægt að skera söl á sama stað í þrjú ár.

2. *Sölvamæður* minna nokkuð á þjóðsagnafyrirbærin *selamóðir*, *flyðrumóðir*, *silungamóðir*, *laxamóðir* og *skötumóðir*.³⁰ Einnig *steinamóðir*.³¹ Ef um áþekka hugmynd væri að ræða, mætti ætla, að *sölvamæður* væru aðeins til í þjóðtrú. Eða þá að þær væru þörungur, sem minnti á söl, en væri stórvaxnari.³² Það kæmi allvel heim við hugmynd J. Hjaltalíns um *Porphyr*a.

3. Björn Halldórsson hefur ef til vill haft eitthvað fyrir sér í því, að *sölvamæður* væru heiti á sérstakri þörungategund, að minnsta kosti einhvers staðar. Það kann að fá nokkurn stuðning frá Magnúsi Stephensen. En það er ekki gott að vita, hvaða tegund það hefur verið, ef um eina ákveðna tegund var að ræða.³³

Miðað við heimildir virðist hinn fyrsti kosturinn vera einna vænlegastur. En sú merking getur hæglega verið til orðin við merkingarbreytingu. Hugmynd Chr. Matras um að *sölvamæður* sé þýðingarlán úr skozk-gelísku *màthair an duilisg* getur bent til þess.

V

Landfræðileg rök liggja til þess, að áhrifa frá löndunum fyrir vestan haf hefur gætt meira í Færeyjum en á Íslandi. Þannig grófu Færeyingar tólg í mýrar til geymslu á sama hátt

³⁰ Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenzkar þjóðsögur* (Reykjavík 1940), 137.

³¹ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* I, safnað hefir Jón Árnason (Leipzig 1862), 648.

³² Það er forvitnilegt, að Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenzkar þjóðsögur* (Reykjavík 1940), 137—38, hefur bent á erlenda hliðstæðu við eitt ofangreindra orða, *selamóðir*. Sú hliðstæða er einmitt í Suðureyjum, þar sem til er hugmynd um 'föður selanna'. Það má reyndar bera saman við ábendingar Chr. Matras, »Írsk orð í føroyskum,« *Almanakki* 1966 (Keypmannahavn 1966), 29, um gelísk-norræn tengsl í sambandi við selveiðar.

³³ »*sölvamæður* so sem fyrir pening« má bera saman við »*Fjörugrös* so mikil að nýtast kunna,« í lýsingu Flateyjar, *Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI (Kaupmannahöfn 1938), 240. Af þessu verður þó ekki dregin sú ályktun, að um hið sama sé að ræða.

og Írar og Suðureyingar geymdu smjör, en þessi siður virðist ekki hafa borizt til Íslands. Til skinnasútunar notuðu Færeyingar rót jurtarinnar *Potentilla erecta* á sama hátt og Írar, Suðureyingar, Orkneyingar og Hjaltlendingar, en á Íslandi er þessi jurt vart til nema sem flækingur og aðferðin óþekkt.³⁴

Reyndar getur stundum verið erfitt að skera úr um, hvort um slík áhrif er að ræða eða ekki. Hér skal rakið eitt dæmi um það. Í Fitjaannál segir við árið 1666: »Þá drukksaði maður í Hvítá í Borgarfirði hjá Sámssstöðum af völtum skinnbát.«³⁵ Þetta mun vera eina heimildin um skinnbát á Íslandi. Það er alkunnugt, að á Írlandi og í Wales hafa skinnbátar lengi verið notaðir, ekki sízt til laxveiða í ám.³⁶ Hvítá er einmitt mikil laxveiðiá og að ýmsu leyti sambærileg við ár eins og Boyne, Shannon eða Severn. Að vísu eru Sámssstaðir ofan við laxveiðisvæðið, en af því verður ekkert ráðið um notkun slíks báts. En ekki er hægt að vita, hvernig slíkur bátur var gerður, né heldur hvort hér var um einstakt tilvik að ræða. Þá hugmynd að gera sér skinnbát var reyndar að finna á bókum, húðkeipar eru nefndir í Flóamanna sögu og í Grænlandinga sögu. Þessi gáta verður því ekki ráðin.

En vestræn áhrif í Færeyjum og á Íslandi koma ekki hvað sízt fram í notkun þörunga til manneldis og í tökuorðum þeim, sem að framan er rætt um.

Þessar heimildir um tengsl vestrænna manna og norrænna má bera saman við heimildir um tengsl norrænna manna og Eskimóa. Meðal örfárra hugsanlegra tökuorða úr máli norrænna manna á Grænlandi í máli Eskimóa er *kuáneq* 'angelica', talið vera úr fleirtölumyndinni *hvanner*. En í máli Eskimóa í Labrador kemur einnig fyrir *kuanneq* og merkir þar 'a kind of edible seaweed', hvernig sem orðið hefur annars borizt þangað.³⁷

³⁴ Um þetta hvort tveggja sjá »Atlantssiðir — Atlantsorð,« 74—76.

³⁵ *Annálar 1400—1800* II (Reykjavík 1927—1932), 208.

³⁶ E. Estyn Evans, *Irish Folk Ways* (London 1957), 233. E. Dwelly, *The Illustrated Gaelic-English Dictionary* (Glasgow 1949), 301, segir um slíka skinnbáta: »They were once much in use in the Western Isles.«

³⁷ W. Thalbitzer, »Ethnographical Collections from East Greenland,«

Það er forvitnilegt, að þörungar skuli hafa verið notaðir til manneldis í Færeyjum og á Íslandi með gelískum nöfnum, en í Labrador, á meginlandi Ameríku, með norrænu nafni.

SUMMARY

I. The present paper deals with some Icelandic words of Gaelic origin, all previously dealt with by Chr. Matras in an important paper published in 1958. II. Icel. *slafak* has several meanings, but closest to the Gaelic is 'green seaweed', still found in North-Eastern Iceland, see Map 1. III. The Icelandic word for 'Alaria esculenta', an edible seaweed, shows a number of different forms. The authenticity of one 18th century example of *Myri-kiarni* was discussed by Chr. Matras, and his conclusion is borne out by the occurrence of *mýrikejarni* in Northern Iceland, see Map 2. IV. According to Chr. Matras Icel. *sölvamæður* 'a kind of seaweed' is in all probability a loan translation of Scottish Gaelic *màthair an duilisg* 'carrageen, Irish moss'. The sources do not agree as to the meaning of the word, but still it is quite possible that Chr. Matras' hypothesis is right. V. In Icelandic annals a skin-boat is mentioned in the year 1666 on Hvítá, a major salmon river. This river is comparable to e.g. the Severn, the Shannon or the Boyne, where the use of currachs persisted into the 20th century. But nothing further is known about skin-boats in Iceland and Celtic influence cannot be proved. But several well-documented instances of cultural traits borrowed by the Norse from the Celts have been discussed by Chr. Matras. Amongst these is the use of seaweed for food. But whereas Gaelic has contributed words for edible seaweed in the Faroes and in Iceland, a Norse loan word *levanneq* occurs, according to Thalbitzer, as a word for a kind of edible seaweed in Labrador Eskimo, on the continent of Native America.

í William Thalbitzer, ed., *The Ammassalik Eskimo I* (Meddelelser om Grønland XXXIX; København 1914), 710.